REGLUGERÐ

við lög nr. 32 20. apríl 1968, um eftirlit með framleiðslu og verslun með fóðurvörur.

1. gr.

Við Rannsóknastofnun landbúnaðarins starfar Fóðureftirlit ríkisins, sem hefur á hendi eftirlit með framleiðslu og sölu fóðurvara á innlendum markaði eftir því, sem fyrir er mælt í reglugerð þessari.

2. gr.

Fóðureftirlit ríkisins heyrir undir Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Forstöðumaður þess er skipaður af landbúnaðarráðherra. Forstöðumaður skal starfa í samvinnu og samráði við stjórn og forstjóra Rannsóknastofnunarinnar, enda lætur Rannsóknastofnunin Fóðureftirlitinu í té nauðsynlega starfsaðstöðu og framkvæmir allar rannsóknir, sem Fóðureftirlitið þarfnast.

3. gr.

Hver sá, sem framleiða vill eða flytja til landsins kjarnfóðurtegundir, fóðurblöndur, steinefni, snefilefni eða önnur efni til dýrafóðurs, skal sækja um leyfi til þess til landbúnaðarráðuneytisins. Landbúnaðarráðuneytið felur þá þremur mönnum, forstöðumanni Fóðureftirlitsins, yfirdýralækni og fulltrúa frá Búnaðarfélagi Íslands, að rannsaka málið og gera um það sameiginlega skýrslu til ráðuneytisins. Skilyrði til að öðlast leyfi til að flytja inn, framleiða í landinu og versla með fóðurvörur eru þessi:

1. Húsakostur, vélar, vinnuaðstaða, hreinlætisaðstaða og annar aðbúnaður sé í góðu lagi að mati fyrrgreindra aðila.
2. Leyfi til að reka heildsöluverslun, ef um innflutning er að ræða, annars venjulegt verslunarleyfi.
3. Ef um er að ræða framleiðslu á fóðurblöndum, framleiðslu á fóðurvörum úr jurtaríkinu, s. s. þang- og þaramjöl eða köggla, grasmjöl, köggla eða kökur, úr sjávarafurðum, úr afurðum mjólkurbúa eða sláturhúsa eða fóðursöltum eða hverju öðru fóðri til sölu í landinu, skal hlutaðeigandi aðili hafa hlotið skráningu á firmaskrá lögsagnarumdæmisins.
4. Við fóðurblöndunarfyrirtækið vinni að minnsta kosti einn maður með þekkingu í fóðurfræði og búfjárrækt, sem forstöðumaður fóðureftirlitsins tekur gilda.
5. Fóðureftirlitið annast töku heysýna og rannsókna þeirra t. d. í sambandi við heysölu, enda séu fram komnar óskir hér að lútandi, staðfestar af landbúnaðarráðuneytinu.

Þess skal stranglega gætt af Fóðureftirlitinu og sýslumönnum, að þeir einir flytji til landsins eða framleiði og versli með fóðurvörur, sem hafa til þess leyfi frá landbúnaðarráðuneytinu. Ef Fóðureftirlitið, yfirdýralæknir eða Búnaðarfélag Íslands telur, að fóðursali fullnægi ekki settum skilyrðum, skal gera landbúnaðarráðuneytinu viðvart. Ráðuneytið felur þá þessum aðilum að athuga málið og gefa skýrslu um það.

Landbúnaðarráðuneytið getur bannað innflutning á erlendum fóðurvörum og steinefnum, blönduðum eða óblönduðum, ef þær eru taldar óhollar eða á annan hátt varasamar fyrir íslenskt búfé. Einnig getur landbúnaðarráðuneytið bannað innflutning á fóðri til verndar íslenskum fóðurvöruiðnaði.

4. gr.

Hver, sem leyfi fær til að flytja inn, framleiða til sölu fóðurblöndur eða einstakar fóðurtegundir, sem nefndar eru í Fylgiriti I, er skyldugur að láta fylgja vörunni þær upplýsingar, sem hér greinir:

1. Nafn og stöðlunarauðkenni vörunnar og þess einnig getið fyrir hvaða búfé hún sé ætluð.
2. Mánuður og ár, þegar varan var framleidd.
3. Nöfn og hundraðshlutar þeirra fóðurtegunda, sem notaðar eru í blöndu.
4. Magn meltanlegs proteins í hverri F.fe. samkvæmt Fylgiriti I.
5. Magn af fóðri í F.fe.
6. Magn í kg fóðurs af kalsíum (Ca) og fósfór (P), natrium (Na) og öðrum steinefnum, sem Fóðureftirlitið ákveður hverju sinni.
7. Þegar um er að ræða vítamínblöndur eða einstök vítamín, sem kunna að vera sett í fóður, skal greina frá magni hverrar tegundar vítamína fyrir sig í kg af blöndu í alþjóðlegum einingum eða þunga, og skulu framleiðendur senda Fóðureftirlitinu afrit af upplýsingaseðli hins erlenda framleiðanda með áritun og stimpli hins opinbera Fóðureftirlits í framleiðslulandinu. Framleiðendur fóðurblandna hér á landi skulu einnig senda afrit af útreikningum sínum um magn vítamína í fóðrinu. **Skal í þeim útreikningum eingöngu miðað við tilsett vítamínmagn í notuðum forblöndum („Premix“).**
8. Þegar fóðurvara er seld í sekkjum, skal þyngd innihaldsins bæði prentuð á fylgiseðilinn (reikninginn) og glögglega skráð á sekkinn sjálfan. Einnig skal geta um, hvort vara er kögguð eða sem mjöl. Sé varan seld í sekkjum, skal seðill með upplýsingum vera á hverjum sekk, en ef varan er seld í búlk, skal upplýsingaseðillinn fylgja reikningum.

Þessar upplýsingar ber að skoða sem skuldbindingu frá framleiðanda til tryggingar því, að um ákveðin fóðurgæði, samsetningu og magn sé að ræða.

5. gr.

Þeir, sem versla með fóðurvörur, skulu ársfjórðungslega greiða eftirlitsgjald til **Fóðureftirlitssjóðs**, sem er í vörslu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Eftirlitsgjald af fóðurvörum skal vera: 0.25% af innflutningsverði (C.i.f.) erlendrar kjarnfóðurvöru og steinefna, 0.25% af söluverði innlendrar kjarnfóðurvöru, en 0.3% af söluverði grasfóðurvöru (grasmjöl, grasköggular og graskökur). Breyti ráðuneytið ekki gjaldskránni fyrir 1. desember er gjaldið óbreytt næsta ár. Forstöðumaður Fóðureftirlitsins skal leita samþykkis landbúnaðarráðuneytisins til nýrra útgjaldaliða eða meiri háttar útgjalda úr Fóðureftirlitssjóði.

Gjöld til eftirlitssjóðs skal innheimta samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Fjármálaráðuneytið innheimtir gjöld hjá tollstjóra og sýslumönnum af innfluttu fóðri og leggur fé**ð** inn á reikning Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í tveimur greiðslum, fyrir 1. júlí og fyrir 31. desember ár hvert.
2. Gjöld af öllu innfluttu fóðri og fóðurvörum, s. s. óblönduðu fóðurmjöli, fóðurblöndum, fjörefnablöndum og fóðursöltum skulu reiknast af C.i.f.-verði varanna. Það skal lagt á vöruna og færist á tollskrá.
3. Gjöld af fiskimjöli, hvalmjöli og öðrum fóðurvörum frá útvegsiðnaði, reiknast af söluverði varanna frá framleiðenda. Gjaldið skal lagt á vöruna og fært á reikninginn. Sama gildir um fóðurvörur frá sláturhúsum, mjólkurbúum og þeim, sem selja fóðurfeiti (tólg, lýsi) eða innlend fóðursölt.
4. Gjöld af grænfóðurmjöli skulu reiknast af söluverði frá framleiðanda og færast á reikninginn.

Gjöld skv. 3. og 4. lið þessarar greinar innheimtist af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og skulu leggjast í eftirlitssjóð.

6. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins heldur reikning um tekjur, er inn koma vegna fóðureftirlitsins samkvæmt 5. og 11. grein, og gerir landbúnaðarráðuneytinu grein fyrir með ársskýrslu eða oftar, ef þess er óskað.

7. gr.

Fóður er metið í fitufóðureiningum (F.fe.). Það er orkueining, sem byggir á virkum hitaeiningum (HE) til fitunar á uxum (NKF). **Fitufóðureining er 1650 NKF,** en það er sú „virka orka" (netto orka), sem fæst úr 1 kg af meðalgóðu byggkorni.

Næringargildið er reiknað út frá **meltanlegum næringarefnum,** og eru eftirgreindar NKF-tölur notaðar:

1.	Meltanlegur sykur, sterkja og tréni	2.36 NKF í g.
2.	Meltanlegt protein	2.24 — — —
3.	Meltanleg fita í heyi og hálmi	4.50 — — —
4.	Meltanleg fita í sýrðu heyfóðri	2.36 — — —
5.	Meltanleg fita í korni	5.00 — — —
6.	Meltanleg fita í olíukökum og dýrafeiti	5.70 — — —

Trénisfrádráttur til leiðréttingar á útreikningum á fóðurgildi heyfóðurs og grænfóðurs er 1.50 NKF á hvert g trénis, en fyrir hálm og fóðuragnir er frádrátturinn 1.36 NKF á hvert g trénis.

Fyrir kjarnfóðurtegundir er notuð **gildistala** til leiðréttingar á þessum útreikningi, og er hún birt í Fylgiriti V, 12. dálkur.

Dæmi I. Útreikningur á fóðurgildi heys í F.fe.

Nærningarefni í heyi:

	Samkv. efnagreiningu %	Meltanleiki %	Meltanleg efni %
Þurrefni	83.0		
Protein	10.5	70.0	7.4
Fita	1.7	59.0	1.0
Tréni	26.8	62.0	16.6
Sterkja, sykur og önnur efni	38.6	72.0	27.8

NKF í 1 kg heys:

74 g meltanlegt protein	× 2.24 =	166 NKF
10 g meltanleg fita	× 4.50 =	45 NKF
444 g meltanleg kolhydröt	× 2.36 =	1048 NKF
	Samtals	1259 NKF
Til frádráttar (trénisfrádráttur)	268 g × 1.50	402 NKF
		857 NKF í 1.0 kg heys

Hver skandinavísk fitufóðureining (F.fe.) er miðuð við næringargildi 1.0 kg af byggi með 85% þurrefni, sem gerir 1650 NKF.

Í þessu heysýni eru þá $\frac{1650}{857} = 1.82$ kg í F.fe.

Dæmi II. Útreikningur á fóðurgildi byggs í F.fe.

Næringarefni í byggi:

	Samkv. efnagreiningu %	Meltanleiki %	Meltanleg efni %
Þurrefni	87.0		
Protein	9.8	73.0	7.2
Fita	1.9	75.0	1.4
Tréni	4.4	33.0	1.5
Sterkja, sykur og önnur efni	68.6	91.0	62.4

NKF í 1 kg byggs:

72 g meltanlegt protein	× 2.24 =	161	NKF
14 g meltanleg fita	× 5.00 =	70	NKF
639 g meltanleg kolhydröt	× 2.36 =	1508	NKF
	Samtals	1739	NKF

Gildistaka 95: $\frac{95 \times 1739}{100}$ = 1652 NKF í 1.0 kg byggs

Í fóðurblöndur má aðeins nota þær fóðurtegundir og fóðurefni, sem eru óskemmd, holl fyrir búfé til þrifa og afurðamyndunar að dómi Fóðureftirlitsins.

Eigi má nota fóðurtegundir eða fóðurefni, sem hafa minna fóðurgildi en sem svarar 65 F.fe. í 100 kg af fóðri. Þó getur Fóðureftirlitið veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef um er að ræða fóður, sem telst æskilegt í fóðurvöruiðnaði, eða fóðurefni, sem hafa sannanlegt hollustugildi, og skal í slíkum tilvikum stuðst við álit og umsögn yfirdýralæknis. Steinefnablöndur og bætiefnablöndur eru undanskildar þessu ákvæði.

Til fóðurblöndunar er heimilt að nota þær fóðurtegundir, sem taldar eru í Fylgiriti I. Skal við útreikning á fóðurgildi fóðurblandna fara eftir þeim tölum, sem þar eru uppgefnar. Ef fóðurinnflytjendur vilja flytja inn aðrar fóðurtegundir, skal í hvert skipti fá til þess sérstakt leyfi frá Fóðureftirlitinu (sbr. 3. gr.) Sama gildir, ef menn vilja flytja inn fóðurtegundir með sama heiti og þær, sem taldar eru í Fylgiriti I, en eru upp gefnar svo nokkru nemi með annarri efnasamsetningu.

8. gr.

Óheimilt er að selja á Íslandi fóðurblöndur, sem í er blandað þvagefni (urea), fúkkalyfjum, erlendu blóðmjöli, kjötmjöli og beinamjöli eða fóðurvörur, sem mengast hafa af eiturefnum eða heilsufarslega skaðvænum efnasamböndum að mati yfirdýralæknis, svo og annað fóður, sem unnið er úr úrgangi frá erlendum sláturhúsum eða úr öðrum erlendum búfjárafurðum, s. s. þurrmjólkurdufti, sbr. lög nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn gin- og klaufaveiki. Þó er heimilt að setja í fuglafóður lyf gegn hnísla sótt, enda liggi fyrir leyfi yfirdýralæknis hverju sinni. Fuglafóðurframleiðendur skulu afla sérstakrar heimildar til notkunar þessara fóðurefna hjá Fóðureftirlitinu, sem skal þá hafa samráð við yfirdýralækni um ákvarðanir við leyfisveitingar. Fóðureftirlitið getur, hvenær sem það telur rétt og í samráði við yfirdýralækni, afnumið heimild til notkunar slíkra efna.

9. gr.

Í fóðurblöndum skal fóðurgildi ekki vera minna en 99% af því fóðurgildi, sem skráð er á fylgiseðli í F.fe., og magn próteina skal ekki vera minna en 97% af til-

greindu efnamagni og ekki meira en 110%. Magn kalsíum (Ca), fosfórs (P) og natríums (Na) má ekki víkja meira en 15%.

Komi í ljós tvisvar í röð, að frávik eru meiri en að framan greinir, skal Fóðureftirlitið skylda hlutaðeigandi aðila til að breyta framleiðslunni til samræmis við skráðar tölur eða gefa út nýja fylgiseðla.

10. gr.

Fóðureftirlitið skal taka sýni til rannsóknar af innlendum og erlendum fóðurblöndum og öllum fóðurtegundum, sem seldar eru til dýrafóðurs í landinu, svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Þau sýni ein hafa gildi til að byggja skaðabótakröfur á, sem tekin eru af starfsmönnum Fóðureftirlitsins eða fulltrúum frá lögreglustjórum í samráði við Fóðureftirlitið.

Eftirfarandi reglur gilda um töku sýna:

1. Sýni af kjarnfóðri og fóðurblöndum skulu tekin í birgðageymslum hjá framleiðendum, hjá verslunum, í flutningatækjum eða heima hjá bændum.
2. Hvert sýni sé um 1 kg að þyngd.
3. Sýni af sekkjuðu fóðri skal aðeins tekið úr sekkjum, sem ekki hafa verið opnaðir. Sýni skulu tekin úr 5—10 sekkjum sömu tegundar. Sýnin eru sett í sterka plastpoka og þeim lokað þétt. Skulu pokarnir greinilega merktir og í þá settir réttir upplýsingaseðlar.
4. Þegar sýni eru tekin, skal fulltrúi framleiðandans (seljandans) vera viðstaddur og fylgjast með, að fylgt sé settum reglum um sýnistökuna, að pokar með sýnum séu rétt merktir og að réttir upplýsingaseðlar fylgi hverjum poka. Framleiðandi (seljandi) skal veita Fóðureftirlitinu nauðsynlega aðstoð við töku sýna.
5. Þegar um er að ræða búlkaða vöru, sem seld er ósekkjuð, skal taka sýni á framleiðslustað eða í flutningum frá framleiðslustað til kaupanda. Taka skal sýni á ýmsum stöðum í búlkanum og eins djúpt og hægt er.

   Ef um er að ræða búlk, sem minni er að magni en 1000 kg, skal taka 10 sýni; ef magnið er 1000—10 000 kg skal taka minnst 20 sýni og ef magnið er meira en 10 tonn, skal taka minnst 30 sýni.
6. Sýni tekin samtímis hjá sama aðila af hverri tegund (blöndu eða fóðri) skal setja í eitt ílát og blanda vel saman. Af þeirri blöndu skal síðan taka hæfilegt magn til efnagreiningar.
7. Annað slagið og ætíð, þegar ástæða þykir til, skal Fóðureftirlitið taka lokaða sekki af fóðurblöndum eða fóðurtegundum og vega á nákvæma vog hjá Fóðureftirlitinu. Komi í ljós, að vanti upp á þyngd í sekkjum svo að meiru nemi en 1.0%, skal taka 50—100 sekki til vigtunar. Komi í ljós, að meðaltalsþyngd sýni minna innihald en 99% af uppgefnu magni, skulu framleiðendur látnir greiða viðurlagagjald til Fóðureftirlitssjóðs samkv. 11. gr.

Í Rannsóknastofnun landbúnaðarins skulu gerðar rannsóknir á hverju sýni, sem leiða í ljós eftirfarandi niðurstöður:

1. Hversu margar F.fe. eru í 100 kg af fóðri.
2. Meltanlegt protein, uppgefið sem g í F.fe. (Pepsín-saltsýruaðferðin).
3. Grömm af kalsíum (Ca), fosfór (P) og natríum (Na) í kg af fóðri.

Í Fylgiriti II eru nánar skilgreindar þær rannsóknaraðferðir, sem Rannsóknastofnunin notar. Þar eru einnig skilgreindar þær stýrimælingar (kontrólmælingar), sem stofnunin notar í öryggisskyni. Þegar ástæða þykir til, lætur Fóðureftirlitið gera gerlarannsóknir, smásjárrannsóknir snefilefna eða vítamínrannsóknir á fóðri og fóðurblöndum.

11. gr.

Þegar Fóðureftirlitið hefur rannsakað sýni samkvæmt 10. gr., skal viðkomandi gert aðvart um niðurstöður. Í fyrsta sinn, sem tiltekin fóðurtegund eða fóðurblanda sýnir meiri frávik en leyft er samkvæmt 9. og 10. gr. skal aðila tilkynnt það skriflega og taka skal fram, hverju sé áfátt og hvaða viðurlög liggi við, ef eigi verður úr bætt. Lagfæri fóðursali misfellur strax að fenginni aðvörun og gerir skriflega grein fyrir því, lætur Fóðureftirlitið þegar að nýju rannsaka fóðrið, og staðfesti rannsóknin, að fóðrið standist leyfileg frávik, fellur bótakrafa niður.

Í annað sinn eða oftar, sem rannsóknir sýna minna fóðurgildi eða aðra efnasamsetningu en tilgreint er á upplýsingaseðlum, skal aðili greiða í Fóðureftirlitssjóð hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins verðmun þann, er fram kemur, miðað við tilgreint fóðurgildi eftir þeirri reglu, sem hér er greind:

1. Miðað við uppgefið magn á fylgiseðli en ekki leyfileg frávik.
2. Mismunur á þyngd sekkja og mismunur á F.fe. reiknast á útsöluverð vörunnar. Magn það, sem greiða skal af, miðist við selt vörumagn milli töku sýna samkvæmt söluskrá fyrirtækisins. Fáist söluskráin ekki lögð fram, skal áætla selt magn. Tollstjóri (sýslumenn) gerir áætlun um selt magn í samráði við forstöðumann Fóðureftirlitsins.
3. Mismunur á proteinmagni skal einnig miðast við tímabilið milli töku sýna og skal verð proteinsins miðast við uppgefið söluverð á proteineiningu í útfluttu fiskimjöli samkvæmt upplýsingum Fiskifélags Íslands á hverjum tíma.
4. Fari saman, að á vanti annars vegar í þyngd og næringarmagni og hins vegar einnig í proteinmagni, skal reikna viðurlagagjald af hvoru tveggja til Fóðureftirlitssjóðs.

Fallist fóðurvöruverslun ekki á bótakröfu Fóðureftirlitsins samkvæmt þessari grein, skal Fóðureftirlitið vísa málinu til dómstóla.

Telji kaupandi fóðurvara sig hafa fengið afgreiddar myglaðar, úldnar eða á annan hátt sviknar vörur úr birgðaskemmum fóðursala, skal hann haga sér við slíkar aðstæður sem hér greinir til að fá meintan skaða bættan.

1. Kaupandi skal strax og hann verður fóðurskemmdanna var, gera seljanda vörunnar viðvart. Líði 10 dagar eða meira frá afgreiðsludegi þar til kaupandi gerir seljanda viðvart, er seljandi laus mála vegna geymsluskemmda.
2. Ef seljandi tekur gildar kvartanir kaupanda, annað hvort með því að senda umboðsmann til hans eða hann tekur umsögn kaupandans gilda, skal hann taka aftur hið skemmda fóður og endurgreiða það eða afgreiða óspillt fóður í staðinn og flytja það heim til kaupandans, allt honum að kostnaðarlausu.
3. Verði ágreiningur milli kaupanda og seljanda vegna slíkra mála út af réttmæti bótakrafna og hugsanlegra skaðabóta vegna notkunar á skemmdu fóðri, skulu aðilar, annar hvor eða báðir, þegar í stað til kveðja viðkomandi héraðsdýralækni og héraðsráðunaut, sem skulu kanna málið og leita sætta, en takist ekki sættir, skulu þeir gefa sameiginlega skýrslu til Fóðureftirlitsins, sem úrskurðar um málið. Úrskurði Fóðureftirlitsins geta aðilar áfrýjað til dómstóla.

12. gr.

Fóðureftirlitið lætur árlega birta skrá yfir þá aðila, sem hafa leyfi til að framleiða og flytja inn fóðurvörur.

Á þessari skrá skulu birtar eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn innflytjenda, ef um innflutt fóður er að ræða.
2. Nafn framleiðenda.

3. Hvar sýni eru tekin og hvaða daga.
4. Heiti og tegundir fóðurs.
5. Stöðlunareinkenni eða vörumerki.
6. Merki Fóðureftirlitsins.
7. Framleiðslumánuður og ár hverrar fóðurtegundar.
8. Ábyrgst fóðurgildi og vörumagn:
   a. F.fe. í 100 kg fóðurs.
   b. Kg fóðurs í hverri F.fe.
   c. Meltanlegt protein, g í F.fe.
   d. Kalsíum, g Ca í kg.
   e. Fosfór, g P í kg.
   f. Natríum, g Na í kg.
   g. Þyngd sekkja eða afgreiðslueininga.
9. Fundið fóðurgildi og vörumagn við rannsóknir Fóðureftirlitsins: Sömu atriði og undir 8. lið, a. til g.
10. Mismunur ábyrgst og fundins fóðurgildis og vörumagns. Gera skal sérstakar athugasemdir við fóðurtegundir, sem við rannsókn fara út fyrir leyfileg mörk.
11. Heildsöluverð á tonni.
12. Heildsöluverð á F.fe.
13. Heildsöluverð á kg meltanlegs proteins í fóðurtegundum, sem hafa meira en 10% meltanlegt protein.

Verð þetta er þannig reiknað, að fjöldi F.fe. í 100 kg fóðurs er margfaldaður með áætluðu **meðaltalsverði á F.fe. í maís sama árs.** Þessi tala er dregin frá verði á 100 kg af fóðrinu. Í verðmismun þann, sem fram kemur, er deilt með hundraðstölu meltanlegs proteins í fóðurtegundinni. Fæst þá raunverulegt verð á kg meltanlegs proteins.

13. gr.

Fóðureftirlit ríkisins lætur gera **stöðlunarreglur** í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins fyrir fóðurblöndur og grænfóðurmjöl, sem framleitt er til sölu í landinu. Hver fóðurtegund með vöruheiti fær stöðlunarauðkenni. **Vöruheitið**, sem skal fela í sér nothæfni vörunnar, og **stöðlunarauðkennið skal merkt á afgreiðsluseðlinn** ásamt einkennisstöfum Fóðureftirlits ríkisins "F.R".

Einkennisstafi Fóðureftirlitsins er óheimilt að nota fyrir aðrar stöðlunarreglur en þær, sem það gefur út.

Stöðlunarreglurnar eru birtar sem Fylgirit nr. III fyrir grænfóðurmjöl og nr. IV fyrir fóðurblöndur.

14. gr.

Fiskimjöl er kallað allt það fóðurmjöl, sem framleitt er úr heilum fiski og fiskúrgangi að lifrinni undanskilinni (lifrarmjöl). Er flokkun þess nánar skilgreind í Fylgiriti I.

15. gr.

Fiskimjöl, hvalmjöl og hvert það fóðurmjöl, sem framleitt er í landinu, hvort sem það er úr fiski eða úr sláturhúsaúrgangi, skal vera framleitt úr óskemmdu hráefni, hreint og hæft til fóðrunar eða til íblöndunar í fóður.

16. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sem rannsakar vörugildi fiskimjöls og hvalmjöls, skal sjá um, eftir því sem við verður komið, að það mjöl, sem selt er á innlendan markað, hafi ekki yfir 0.2 pro mille af natríumnítríti á framleiðsludegi og ekki yfir 0.4% af ammóníaki.

Allt síldarmjöl, sem selt er innanlands til fóðrunar mjólkurkúa, skal merkt með bókstafnum „K" á umbúðir. Ef hráefni hefur verið rotvarið með natríum-nítriti má ekki merkja fóðrið með „K".

Seljendur fiskimjöls, hvalmjöls og kjötmjöls skulu ætíð tryggja ákveðið lágmark af proteinum í því mjöli, sem selt er innanlands á sama hátt og í því mjöli, sem selt er úr landi.

Ef fóðursali, fóðurblöndunarstöð eða bóndi óskar þess, tekur Fóðureftirlitið sýni af fiskimjöli, hvalmjöli og kjötmjöli til rannsóknar á því, hvort það standist kröfur um hámarksmagn af ammóníaki og uppgefið magn af proteinum. Skulu þeir, sem óska töku sýna til rannsókna, sanna á fullnægjandi hátt, hver sé ábyrgur framleiðandi vörunnar.

Sé um misferli að ræða í versluninni, skal fara með málið samkvæmt 11. gr.

17. gr.

Fiskifélag Íslands skal senda Rannsóknastofnun landbúnaðarins árlega lista yfir þá aðila, sem selja fóðurvörur frá útvegsiðnaði á innlendum markaði.

18. gr.

Brot gegn lögum nr. 32/1968, og þessari reglugerð varða sektum, kr. 20 000.00 til 500 000.00, nema þyngri refsing liggi við. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 32/1968, um eftirlit með framleiðslu og verslun með fóðurvörur, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. maí 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.

Fylgirit I.

Steinefnablöndur og fóðursölt.

(Steinefnin eru mæld í grömmum í kg, en bætiefnin í alþj.-einingum í kg).

	Ca	P	Ca P	Na	Mg	Stein-efni	D3 vítamín	A-vítamín
1. F.B. Stewart-salt	156	114	1.37	98	53	—	80 000	162 500
2. M.R. Stewart-salt	159	71	2.24	98	95	—	125 000	125.000
3. SÍS Stewart-salt	182	137	1.33	57	36	—	60 000	150 000
4. Vifoskal M.R.	177	113	1.57	94	105	—	300	3 000
5. COLBORN-kúafóðursalt Fóðurbl. hf.	103	104	1.00	115	24	—		

	Ca	P	Ca P	Na	Mg	Stein- efni	Ds vítamín	A-vítamín
6. MAGNA-fóðursalt. Glóbus ..	56	175	0.32	129	34	—		
7. EWONIN-fóðursalt, Guðbj. Guðjónsson	85	55	1.55		25	—		
8. COCURA 4 (SÍS & M.R.) ..	115	68	1.69	49	26	—		
9. COCURA 5 (SÍS & M.R.) ..	73	55	1.33	53	97	—		
10. COCURA 6 (SÍS & M.R.) ..	53	114	0.47	126	8	—		
11. Dýra-beinamjöl	275	130	2.12	—	—	—		
12. Dí-Kalsíumfosfat I	260	185	1.41					
13. Dí-Kalsíumfosfat II	244	168	1.45					
14. Mono-Kalsíumfosfat	200	310						
15. Dí-Natríumfosfat		86		128				
16. Fóðurkalk (Kalsíum-Karbonat)	380							
17. Skeljakalk (muldar skeljar og hörpudiskur)	370	—		—	—	auk þess ca 4% protein		
18. Saltsteinar, 95—98% matarsalt (NaCl)				385		—		
19. Matarsalt (NaCl)				390				
20. SÍS-Multimix (Steinefna- og vítamínblanda í vaxtarfóður, fugla og svínafóður)	216	154	1.40	35	8	—	125 000 o. fl.	250 000 vítamín

Tafla yfir efnasamsetningu og fóðurgildi helstu fóðurtegunda.

FÓÐURTEGUNDIR.	EFNASAMSETNING (% af fóðri)						MELTINGATÖLUR %						MELTANLEG NÆRINGAREFNI %			Í HVERJU KG AF FÓÐRI ERU:					Í F.fe. ERU:		
	Þurr-efni	Pro-tein	Fita	Sterkja og sykur	Tréni	Aska	Pro-tein	Fita	Sterkja og sykur	Tréni	Líf-ræn efni	Gild-is tala	Pro-tein	Fita	Kolhydröt	F.fe.	g melt. prot.	Ca g	P g	Na g	Kg fóður	g melt. prot.	
Nr.	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	Nr.
1. Byggmjöl afhýtt (2,4 % tréni)	90	11,5	2,0	72,0	2,4	2,1	75	78	92	36	88	95	8,6	1,6	67,1	1,06	86	0,5	3,5	0,3	0,94	80	1.
2. Byggmjöl (4,5% tréni)	86	9,8	1,9	67,6	4,5	2,2	75	76	92	36	87	95	7,3	1,4	63,7	1,00	73	0,5	3,5	0,3	1,00	73	2.
3. Hafrar,afhýddir (2,2 % tréni)	90	16,1	6,1	63,4	2,2	2,2	60	85	80	25	89	95	12,8	5,2	56,2	1,06	128	0,9	3,1	1,3	0,94	120	3.
4. Hafrar (ca 10% tréni)	87	10,1	4,5	60,2	9,5	2,7	78	85	78	26	71	95	7,9	3,8	49,4	0,88	78	0,9	3,1	1,3	1,13	88	4.
5. Hafrar (ca 15% tréni)	87	12,8	5,7	50,0	15,0	3,5	80	82	74	25	67	95	10,2	4,7	40,8	0,82	102	1,1	3,3	1,3	1,22	124	5.
6. Hveitimjöl (2,0% tréni)	88	11,3	2,0	71,0	2,0	1,7	84	63	92	47	89	95	9,5	1,3	66,2	1,06	95	0,6	3,3	0,4	0,94	89	6.
7. Hveitifóðurmjöl (2,8 % tréni)	88	13,8	2,7	66,1	2,8	2,6	80	84	83	50	85	95	11,0	2,3	56,3	0,97	110	0,7	6,5	0,4	1,03	113	7.
8. Rúgmjöl (2% tréni)	88	11,7	1,8	70,5	2,0	2,0	79	63	92	47	89	95	9,2	1,1	65,8	1,04	92	0,5	3,4	0,4	0,96	88	8.
9. Rúgfóðurmjöl (2,5 % tréni)	88	10,8	2,0	70,2	2,5	2,5	88	86	89	51	88	95	9,5	1,7	63,8	0,99	95	0,9	6,4	0,4	1,01	100	9.
10. Maísmjöl	88	9,5	4,0	71,2	2,0	1,3	67	89	92	26	88	95	6,4	3,6	66,0	1,08	64	0,3	2,6	0,2	0,93	60	10.
11. Milókorn (Durra)	88	9,4	3,0	72,0	2,0	1,6	66	77	93	25	89	95	6,2	2,3	67,5	1,06	62	0,3	2,7	0,5	0,94	58	11.
12. Manióksmjöl (Tapíóka)	88	1,5	1,0	81,3	2,1	2,4	0	80	99	47	95	95	0	0,8	81,5	1,12	0	1,0	0,9		0,89	0	12.
13. Hrísfóðurmjöl	88	12,5	13,4	49,2	5,3	7,6	68	86	76	30	74	95	8,5	11,5	39,0	0,97	85	0,8	10,0	1,2	1,03	88	13.
14. Hveitiklíð I (7,7 % tréni)	88	16,3	4,4	55,0	7,7	4,6	79	30	83	37	78	90	12,9	3,9	48,5	0,88	129	1,0	9,3	0,7	1,14	147	14.
15. Hveitiklíð II (10 % tréni)	88	15,0	4,6	53,5	9,8	5,1	79	83	74	32	70	90	11,9	3,8	42,6	0,79	119	1,5	12,0	0,7	1,27	151	15.
16. Rúgklíð (5,8% tréni)	88	16,1	4,6	57,5	5,8	4,0	86	72	87	38	83	90	13,8	3,3	52,2	0,93	138	1,0	7,7	0,4	1,07	147	16.
17. Maísklíð (9% tréni)	88	8,5	6,1	60,7	9,1	3,6	60	80	78	48	73	90	5,1	4,9	51,7	0,86	51	0	0		1,16	59	17.
18. Peyrsykurmelassi	75	4,0		64,8		6,2	50		99		95	80	2,0		64,2	0,75	20	0	0		1,33	26	18.
19. Rófna-melassi	79	8,1	0,2	61,6		9,1	50		99		95	80	4,0		61,0	0,74	40	1,6	0,1	6,9	1,34	54	19.
20. Kartöflufóðurmj.	88	6,0	0,3	76,2	2,0	3,5	41		91	20	76	95	2,5		69,7	0,97	25	0,5	2,1		1,03	26	20.
21. Kartöflumj.(Sterkja)	83			82,9		0,1			91			95			75,5	1,03					0,97		21.
22. Þangmjöl (lítið fenól)	89	5,0	4,7	58,5	5,3	15,5		35	64		48	82		4,5	37,4	0,54					1,85		22.
23. Þangmjöl (mikið fenól)	89	5,4	3,0	58,7	3,9	18,0		99	48		18	82		2,9	28,2	0,34					2,94		23.
24. Dýrafeiti (tólg)	100		100,0					91				100		91,0		3,14	}3,2				0,32	}3,1	24.
25. Lýsi (síld/þorskur)	100		100,0					94				100		94,0		3,25					0,31		25.
26. Lýsi, hert (bræðslumark 31°C)	100		100,0					85				100		85,0		2,94					0,34		26.
27. Jurtaolía (soya/raps)	100		100,0					97				100		97,0		3,35					0,30		27.
28. Grasmjöl I (yfir 70% meltanl. þ.e.)	90															0,74	90	2,5	2,0	1,0	1,35 (1,2-1,5)	122	28.

Tafla yfir efnasamningu og fóðurgildi helstu fóðurtegunda. (Frh.).

FÓÐURTEGUNDIR	EFNASAMSETNING (% af fóðri)						MELTINGATÖLUR %						MELTANLEG NÆRINGAREFNI %			Í HVERJU KG AF FÓÐRI ERU:					Í F.fe. ERU:		
	Þurrefni	Prótein	Fita	Sterkja og sykur	Tréni	Aska	Prótein	Fita	Sterkja og sykur	Tréni	Lífræn efni	Gildistala	Prótein	Fita	Kolvetni	F.fe.	g meltanl. prót.	Ca g	P g	Na g	Kg fóður	g meltanl. prót.	Nr.
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	
29. Grasmjöl II (65,0-69,9% meltanl.þ.e.)	90															0,63	60	2,5	2,0	1,0	1,60 (1,51-1,70)	96	29.
30. Heymjöl (60-64% m.þurrefni)	90															0,56	50	2,5	2,0	1,0	1,80 (1,71-1,90)	90	30.
31. Taða (Kjörgildi)	85	(Sjá nánar hér aftan við í.töflu yfir næringargildi töðu í ýmsum landshlutum)														0,63	86	3,5	3,3	1,3	1,6	137	31.
32. Melassa-klíð 50/50	84	12,2	2,3	58,3	3,9	6,8										0,82	75	0,5	4,6	0,3	1,23	92	32.
33. Soyamjöl I (Fitubættuppleyst) Fita 5,3%, tréni 5%	88	44,0	5,3	28,1	5,0	5,6	90	84	87	65	87	95	39,6	4,5	28,0	1,03	396	2,3	5,8	1,0	0,97	384	33.
34. Soyamjöl II (skrúfupressað/expeller)	91	45,5	4,0	30,0	6,0	5,5	90	84	87	65	87	95	41,0	3,4	30,0	1,05	410	2,4	5,5	1,0	0,95	390	34.
35. Soyamjöl III (Afhýtt og uppleyst) Fita 1%, tréni 3%	88	49,7	1,0	28,5	3,0	5,8	92	25	87	65	87	95	45,7	0,3	26,8	0,96	457	2,4	5,5	1,0	1,04	475	35.
36. Soyamjöl IV (Uppleyst) Fita 1%, tréni 5,3%	88	46,0	1,0	30,0	5,3	5,7	90	25	87	65	86	95	41,4	0,3	29,5	0,94	414	2,4	5,5	1,0	1,06	438	36.
37. Soyabaunamjöl	90	38,7	18,0	21,3	6,0	6,0	89	90	60	36	80	95	34,4	16,2	16,9	1,22	344	2,8	5,9	1,0	0,82	282	37.
38. Jarðhnetumjöl I (expeller)(undir 9% tréni)	93	51,9	5,7	23,8	6,0	5,6	92	90	84	15	86	95	47,7	5,1	20,9	1,07	477	1,5	5,6	0,9	0,94	448	38.
39. Jarðhnetumjöl II (expeller)(9-15% tréni)	93	47,9	5,9	20,9	12,7	5,6	90	90	84	15	80	95	43,1	5,3	19,5	1,00	432	1,5	5,6	0,9	1,00	432	39.
40. Jarðhnetumj. III (expeller)(Yfir 15% tréni)	93	46,7	4,8	19,0	15,8	6,7	87	90	67	15	71	95	40,6	4,3	15,1	0,87	406	1,5	5,6	0,9	1,15	467	40.
41. Jarðhnetumj. IV (uppleyst)(undir 9 % tréni)	93	51,2	1,6	30,4	4,8	5,0	90	90	84	15	85	95	46,1	1,4	26,2	1,00	460	1,5	5,6	0,9	1,00	460	41.
42. Bómullarfrmj. I (expeller)(undir 10% tréni)	91	42,5	6,9	25,8	8,9	6,9	84	96	69	44	75	95	35,7	6,6	21,7	0,97	357	2,2	12,0	1,0	1,03	368	42.
43. Bómullarfrmj. II (expeller)(10-20% tréni)	91	33,7	5,9	29,7	15,8	5,9	80	96	66	27	69	95	27,0	5,7	23,9	0,75	270	2,2	12,0	1,0	1,33	360	43.
44. Sólsikkumj. I (undir 20% tréni)(skrúfu pressað/expeller)	93	46,0	7,0	21,0	12,7	6,3	92	92	71	26	77	95	42,3	6,4	18,2	1,00	423	2,6	13,0	1,6	1,00	423	44.
45. Sólsikkumj.II (expeller)(20-30% tréni)	93	29,4	7,9	26,4	24,5	4,8	88	92	57	20	62	95	25,9	7,3	20,0	0,85	259	2,0	10,0	1,6	1,18	306	45.
